

Húsapuntur (*Elymus repens* eða *Agropyron repens* eða *Elytrigia repens*)

Enska; Quackgrass eða Couch grass, danska; Almindelig kvik, norska, Kveke sænska; Kwickrot

Tegundalýsing og kjörleður

Húsapuntur er mjög skriðul en hávaxin fjölær gras- tegund með grænu axi á stráarendum. Axberandi strá ná 40 – 100 cm hæð en eru svög og gjörn á að leggjast. Smáöxin eru þrí- til fimmblóma en axagnir yddar og lensulaga, fjór- til fimm tauga. Neðri blómögn er með týtu sem er meira en helmingi styttri en ögnin. Blöðin eru 5-15 mm breið, snörp á efra borði. Húsapuntur er með sterklegar, hvítar neðanjarðarrengrur sem mynda þykkar rótarflettur sem erfitt er að vinna.

Húsapuntur finnst um land allt en er sjaldgæfur í túnnum. Hann er helst að finna umhverfis bæi, í óræktargörðum, ruslahaugum og vegköntum. Húsapuntur getur myndað breiður í túnjöðrum út frá skjólbeltum, kartöflugörðum eða vegköntum sérstaklega á Norðurlandi.



Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Það er á mörkunum að telja húsapunt til fóðurgrasa og er hann mun þekktari fyrir að vera harðskeitt rótarillgresi í görðum og beðum. Hann er einnig talinn óæskilegur í túnnum hér á landi. Húsapuntur er engu að síður nokkuð gott beitargras ef hann er beittur snemma en beitarþol er lítið. Þurrefnisuppskera er í meðallagi en votverkaður húsapuntur er ekki lystugur og hann hefur lágt fóðrunarvirði. Hins vegar hefur mælt fóðurgildi reynst frekar hátt. Hægt er að eyða húsapunti með illgresislyfjum sem fást hjá gróður- vöruvyrirtækjum. Mikilvægt er að fylgja vel öllum leiðbeiningum og virða sprautufresti.

